

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

### 90. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu (BÁ) haldinn laugardaginn 19. september, Kl. 15.00. Símafundur

**Þátttakendur: Margrét K. Erlingsdóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Ólafur F. Leifsson og Kristján Einarsson, sl.st., sem ritaði fundargerð.**

#### 1. Húsnæðismál, ný slökkvistöð

Kristján og Margrét skýrðu frá þremur fundum sem þau hafa setið með fulltrúum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Björgunarsveitar Árborgar.  
(Sjá meðfylgjandi fundargerðir)

Fram kom að á þeim fundum hafi formaður og framkvæmdastjóri Björgunarsveitar Árborgar, Ingvar Guðmundsson skýrt frá því að hann vildi að leiguaðilar tækju við húsnæðinu þann 1. október n.k. þrátt fyrir að ákvæðum leigusamnings væri ekki fullnægt.

Hann skýrði einnig frá því að framtíðarrekstur hússins að hálfu eignaraðila væri langt frá því tryggður. Leitað hefði verið eftir fjármögnunarleiðum, ekkert væri í hendi. Miðað við núverandi stöðu væri ljóst að endar ná ekki saman.

Kristján og Margrét skýrðu frá því að í lok fundar þann 16.9. s.l. hefðu þau rætt við fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Magnús Skúlason, um niðurstöðu fundanna.

Ljóst er að verulegur dráttur er á afhendingu hússins, 17. júní s.l. var sá dagur sem stefnt var að. Nú væri ljóst að ekki næðist að uppfylla ákvæði leigusamnings fyrir 1. október n.k.

Eftir væri að ganga frá lóð, malbika, girða og ganga frá köntum.

Eftir væri að ljúka múrverki utanhúss.

Eftir vær að ljúka við fundarsal.

Fram kom að aðilar hafa verulegar áhyggjur af því að setja upp sérhæfðan búnað í húsið, búnað sem er utan leigusamnings og eign leiguaðila, í ljósi þess að rekstur hússins að hálfu leigusala væri ekki fyrir hendi eins og framkvæmdastjóri Björgunarmiðstöðvarinnar skýrði frá á síðustu þremur fundum með leiguaðilum. Samþykkt var að Magnús hefði samband við lögfræðinga Heilbrigðisstofnunar og Kristján og Margrét hefðu samband við lögfræðing B.A. og leituðu ráða um framhald málsins.

18.9. hittu Kristján og Margrét, Sigurð Sigurjónsson lögfræðing og fóru yfir stöðu mála.

#### Niðurstaða:

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið samþykkir stjórn B.A. að segja upp samningi um leigu á húsnæði Björgunarfélags Árborgar við Árveg 1 Selfossi og felur formanni og slökkviliðsstjóra að hefja riftunarferli í samvinnu með lögfræðingi.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.30**

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson  
Kristján Einarsson**